



Hafnarfirði 31.12.2011

Ársskýrsla SÍH fyrir árið 2011

Stjórnarstarf

Stjórn og varastjórn SÍH var endurkjörin óbreytt frá síðasta ári. Að venju var haldinn stefnumótunarfundur í byrjun árs þar sem sú nýbreytni var tekin upp að hinum almenna félagsmanni var boðið að taka þátt en ekki bara stjórn og nefndum. Stefna félagsins var síðan birt á vefsetri félagsins en markmið og verkefni sem tilgreind voru í aðgerðaáætlun var dreift á helstu stjórnendum og aðra sem voru gerðir ábyrgðarmenn fyrir tilteknum verkefnum. Í lok árs var aftur boðað til stefnumótunarfundar, stefnan endurskoðuð, ný markmið og skilgreind verkefni liggja því ljós fyrir næsta ár.

Eitt af markmiðum félagsins á árinu var samkvæmt venju að vinna alla titla sem í boði voru í skeet. Það tókst að undanskildum Íslandsmeistaratitli unglunga sem fór með eins stigs forskoti til Húsavíkur að þessu sinni.

Stjórnin samdi við keppendur og þjálfara um áframhaldandi markvissa þjálfun útvaldra keppnismanna.

Eitt af verkefnum frá stefnumótunarfundi var að skoða nýjan einkennisklæðnað fyrir félagsmenn og keppendur. Ákveðið var að velja svartan alklæðnað með hvítum strípum og með merki SÍH á brjósti en áfram verður notast við rauðu keppnisvesti félagsins.

Hafist er handa við að skilgreina námskrá fyrir lengra komna og markvissara byrjendanámskeið ásamt reglum og kröfum sem SÍH mun gera til þjálfarastarfs á vegum félagsins í framtíðinni.

Félagið tók þátt í „dúfnaveislunni“ sem var átak Skotvís til að fá veiðimenn til að leggja meiri stund á æfingar í skotfimi. Átakið sem stóð yfir í júlí og ágúst, heppnaðist vel og leiddi til aukinnar aðsóknar á Iðavelli sem nemur 221 hring eða 5.525 dúfum umfram það sem var í sömu mánuðum í fyrra. Nokkuð víst er að svona átak getur vakið athygli og áhuga veiðimanna á að leggja stund á leirdúfuskotfimi sem

keppnisíþrótt.

Skotfélagið Markviss hélt upp á 20 ára starfsafmæli sitt á árinu og gaf SÍH þeim veglegan, áritaðan disk með haminguóskum um þessi tímamót.

Daglegur rekstur

Fimm stjórnarfundir voru haldnir frá aðalfundi til áramóta.

Daglegur rekstur félagsins var með svipuðu sniði og áður þar sem bókhald félagsins var uppfært reglulega og niðurstaðan kynnt á stjórnarfundum.

Félagatal, árangur keppnismanna, uppfærsla á forgjöf og árangurstengdir styrkir var uppfært reglulega í gagnagrunn félagsins og birt að loknu keppnistímabilinu á heimasíðu þess.

Félagsstarf og námskeiðahald

Fyrir utan stefnumótunarfundinn var haldinn fundur þar sem gert var hættumat og áhættugreining vegna skotiðkunar annarsvegar og viðhalds á Iðavöllum hinsvegar. Niðurstaðan var síðan kynnt fyrir æfingarstjórum og umsjónarmönnum Iðavalla á fundi sem haldinn er á hverju ári til undirbúnings fyrir æfinga- og keppnistímabilið.

Eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu og voru þátttakendur 9 sem er heldur minna en á síðasta ári. Að venju var skráning í félagið og árgjaldið það ár innifalið í 7.000 kr. þáttökugjaldi sem er hvatning til þess að þátttakendur mæti á almennar æfingar að námskeiði loknu.

Námskeið í mælingu á dreifingu hagla var haldið í fyrsta skipti hjá félaginu og var vel sótt og síðan var haldið námskeið í fyrstu hjálpi sem öllum félagsmönnum stóð til boða að sækja. Námskeið í fyrstu hjálpi hefur verið haldið reglulega hjá félaginu.

Kvennastarf SÍH

Nokkur gróska var í kvennastarfi félagsins og haldnar vikulegar æfingar, eingöngu ætlaðar fyrir kvenfólk. Tveir erlendir kvenþjálfarar Maria Olofsson og Bernadette Müller komu til landsins og stóðu fyrir kennslu og þjálfun í skeet 1. til 3. apríl. Þær stöllur eru í fremstu röð í heiminum í skeetíþróttinni.

Keppnisferðir erlendis

Fimm keppendur tóku þátt í Skandinavia open og Sigurþór Jóhannesson fór á vegum landsliðs Íslands á Evrópumeistaramótið sem haldið var í Belgrad í Serbí.

Félagatal

98 félagsmenn greiddu félagsgjald á árinu á móti 83 árinu 2010, 76 manns 2009 og 92 árið 2008. Á árinu gengu 29 manns í félagið á móti 23 nýliðum árið áður.

Skýrsla mótanefndar

Landsmót og opin mót

Samtals voru skráðir 70 þátttakendur í 10 lands- og opin mót á árinu 2011 sem er einum færri en árið á undan. Félagið hélt tvö landsmót, það fyrri í apríl og Íslandsmótið í ágúst. Auk þess hélt félagið SÍH open í sjöunda sinn í byrjun júlí. Þrír erlendir keppendur voru með að þessu sinni.

Sigurþór Jóhannesson varð Íslandsmeistari í karlaflokki, Bikarmeistari STÍ og Íslandsmeistari í meistaraflokki. Þeir Sigurþór, Hörður Sigurðsson og Jakob Þór Leifsson urðu Íslandsmeistarar í sveitakeppni karla.

Í kvennaflokki varð Anný Björk Guðmundsdóttir Íslandsmeistari í einstaklingskeppni kvenna og sveit SÍH varð Íslandsmeistari í sveitakeppni en sveitina skipuðu Anný Björk Guðmundsdóttir, Helga Jóhannesdóttir og Guðmunda Kristjánsdóttir.

Innanfélagsmót

Innanfélagsmót í skeet og nordisk trap voru fimm talsins þar sem samtals 57 þátttakendur voru skráðir en þátttakendur voru 62 á jafn mörgum mótum árið á undan. Á lokamótinu sem haldið var í september varð Sigurþór Jóhannesson Skotmaður SÍH og Dagný Huld Hinriksdóttir Skotkona SÍH. Enginn unglingur tók þátt að þessu sinni.

Sú nýbreytni var tekin upp á lokamótinu að keppa einnig í Nordisk trap sem fékk góðar undirtektir og var þátttaka góð. Það var gamla kempnan Hreimur Garðarson sem vann titilinn Trappari SÍH með glæsibrag.

Mikil gleðskapur var um kvöldið þegar uppskeruhátíð SÍH var haldin þar sem ýmsum var veitt viðurkennig fyrir góðan árangur, góðan stuðning og gott starf fyrir félagið á árinu.

Skýrsla fjárhagsnefndar

Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og kennslu- og lottó styrki frá ÍSÍ. Styrkur frá hafnarfjarðarbæ var þó skorin niður um 15% vegna bágrar fjárhagsstöðu sveitafélagsins.

Einnig fékk félagið styrk frá Hafnarfjarðarbæ til að skipta um glugga og klæða félagsheimilið að utan en það lá undir skemmdum vegna raka og bleytu.

Haldið var áfram að styrkja keppnismenn sem æfa undir handleiðslu

þjálfara, styrki vegna þátttöku á mótum og styrki fyrir Íslands- og bikarmeistaratitla.

Félagið fékk ferðastyrki úr Afreksmannasjóði vegna ferða keppnismanna félagsins erlendis.

Samtals fengu 12 keppnismenn 1610 hringi í styrk árið 2011 sem eru 40.250 dúfur. Í fyrra fengu 9 keppnismenn 1408 hringi eða 35.200 dúfur, árið 2009 voru það 40.500 dúfur og 45.500 árið 2008.

Félagið fékk styrk frá Hafnarfjarðarbæ vegna árangurs keppnismanna félagsins í sveitakeppnum en félagið átti bæði Íslandsmeistara í sveitakeppni kvenna og karla.

Skýrsla skemmtinefndar

Árshátíð félagsins var haldin í apríl og var vel sótt.

Að loknum fyrri keppnisdegi á SÍH open var haldin grillveisla að venju.

Skýrsla vallarnefndar

Lokið var við skipta um glugga og klæða gamla húsið að utan. Það má segja að búið sé að bjarga því sem bjargað varð með þessum aðgerðum en húsið var mjög illa varið vegna rakaskemmda í útveggjum og gólfi.

Viðhald á Iðavöllum var að öðru leiti með hefðbundnu sniði,

Á árinu 2011 voru skotnar 106500 dúfur, í fyrra voru skotnar 64.400 dúfur, 84.500 dúfur árið 2009, 116.300 leirdúfur 2008 og 138.800 árið 2007.

Ritnefnd

Félagið hélt að venju úti öflugum vefsetri þar sem lögð er áhersla á að hafa allar nýtanlegar upplýsingar aðgengilegar fyrir félagsmenn.

Árangrar og aðrar fréttir birtar eins fljótt og mögulegt er.

Fjöldi heimsóknna á vefsetur SÍH eru óljósar þar sem teljarinn hefur ekki virkað sem skildi. Vinna er byrjuð við að flytja heimasíðuna yfir á nýtt form og fá nýtt hugbúnaðarfyrirtæki til að vista hana.

Stofnuð var Facebook síða og er hún með um 200 "like", einnig var stofnuð YOUTUBE síða og búið er að setja inn á hana 27 myndbönd af úrslitum hér heima og erlendis og voru þau skoðuð 1736 sinnum 2011 og má sjá hér að neðan hvernig það skiptis á milli landa.

Fyrir hönd stjórnar SÍH


Ferdinand Hansen
formaður SÍH

Channel: sih1965

Last year (Jan 1, 2011 – Dec 31, 2011)

Lifetime views for channel 1,927 [?](#)

Views [?](#)
1,736



Video | Geography | Date

Geography	Views ↓
1. Iceland	910
2. Denmark	504
3. Japan	58
4. Sweden	37
5. Italy	29
6. Spain	26
7. Greece	24
8. Finland	21
9. Germany	21
10. Norway	19
11. Ukraine	15
12. Poland	15
13. United States	9
14. France	8
15. Russia	6
16. Switzerland	5
17. Netherlands	4
18. Austria	3
19. Greenland	3
20. Saudi Arabia	3
21. Canada	3
22. Belgium	2
23. Colombia	2
24. Turkey	2